

Fundur 7.3.2022 Jane Seymour, dó um miðja síðustu öld, bresk.

Sælt veri fólkið, komið þið sæl.

*Komdu sæl.*

Er ég ekki von að tala hér á svona fundum og trúi ég því varla að þarna sé ég að tala við fólk á minni gömlu heima jörð en ekki fólk sem telur okkur anda eða fólk sem fæddist og endur-líkamaðist á nýrri jörð og fólk sem segir okkur frá undrum framlífsins.

Er mér hér ætlað að tala en ekki hlusta en er ég þó vanari að hlusta, en hef fengið þjálfun í því að tala í sviðsljósi þessu þar sem lífmagnsbjarminn er sem mestur og hinn mikilvægi steinn líforkunnar og einbeitingar orkunnar er fyrir framan mig og hef ég fengið þjálfun og hefur það nokkrum sinnum tekist áður.

Hef ég um langt skeið haft áhuga á kvennréttindamálum á þessari jörð og barst mér það til eyrna að þess konar breytingar væru að verða á gömlu jörðinni að mörg af þeim sársaukafyllstu málum sem mér mislíkaði við vistina á gömlu jörðinni.

Sem hér á þessum hnetti er nefnd frumlífsjörð og munuð þið kannast við það hugtak og hafa þær fregnir vakið áhuga minn á því að fræðast betur um gömlu jörðina og segja frá lífi mínu í framlífi og vakti það einnig forvitni mína að, hvernig á ég að koma orðum að því, hvort að deilur þær sem eru á mínum hnetti um sambandið við aðra hnetti og trúmál gætu leysts ef ég fengi að vita hvernig það gengur á gömlu jörðinni í þeim efnum og hvort mér væri það unnt að komast í stjörnu-bjarmans bænahringi ef ég gæfi mig meira að vísindalegum efnum en ekki húmanískum og öðrum áhugamálum.

Finnst mér það mjög merkilegt að lítil þjóð á gömlu jörðinni minni skuli hafa náð árangri í þessum efnum sem við á þessari jörð eigum í erfiðleikum með.

En mér var það sagt að til væri nokkuð sem heitir samstilling hnattanna, ef framfarir verða hjá ykkur geti það haft áhrif hjá okkur og víðar og sé það því til mikils unnið að koma á tengslum á milli hnattanna og að fleiri aðhyllist þessar kenningar.

Já vil ég gjarnan segja frá mínu lífi hér, það hefur verið upp og ofan en þó að mestu leiti ánægjulegra en það sem ég lifði á jörðinni.

Og ég mæti reglulega á fundi á þessum hnetti og hlusta á framsögu lifenda á öðrum hnöttum, framlífshnöttum og höfum við jafnvel fengið fréttir frá ykkur og margir sem skynja til ykkar og segja fréttir af menningarástandi á gamla hnettinum okkar.

Og hefur okkur borist til eyrna metoo fréttir, kvennréttindafréttir og vildi ég gjarnan segja frá minni reynslu á jörðinni að hún var ekki nógu ánægjuleg en hef ég jafnvel frétt að sumir af þeim sem þjást á frumlífs jörðinni vegna haturs á makanum eða deilna og óeirða á heimilinu geti farið á verri hnetti að lífi loknu.

En gerðist það ekki fyrir mig, en lenti ég að vísu í merkilegri upplifun áður en ég kom á þennan hnött sem ég kannski get sagt frá síðar, eins og mér hafi verið bjargað og send orka og ljósgeisli.

En lenti ég í framhjáaldi og margskonar tilfinningarlegum óþægindum á jörðinni sem lýst er í þessum metoo fræðum ykkar, hef ég heyrt.

En að vísu eru þau ekki hér en er okkur hins vegar kennd hegðunarfræði og líf- næ ekki alveg, lífernisfræði, ýmsar kenningar því tengdar.

Var ég margsinnis neydd af yfirmanni mínu til að gera óþægilega hluti og lenti ég sumuleiðis í óheppilegum aðstæðum í hjónabandi og var reiði mín slík að lá við að ég færi á verri hnött en fékk þó tækifæri til að vinna úr því á þessum framlífshnetti.

Eru hér margir hópar slíkra námskeiða og fólki kennt að vinna úr slíkum tilfinningum þegar það kemur hér yfir og eignast betri samskipti við hitt kynið og nánari vináttusambönd við eigið kyn sumuleiðis og margir þeir sem hingað koma sakna mjög barnanna sinna og hafa ekki átt betri samskipti við þau.

Og fáum við reglulega sambönd við helstefnu hnetti þar sem fólk dó í þeirri neikvæðu stilliorku sem kom þeim á verri hnetti og sumuleiðis við lífstefnu hnetti þar sem þessi vandamál hafa verið sigruð.

Hef ég bæði heyrt um hnetti þar sem karlar kúga áfram konur eins og tíðkaðist á gömlu jörðinni og hnetti þar sem konur beita ofríki og ofbeldi og er hvorugt gott og getur leitt til helstefnu þróunnar og vistar á slíkum hnöttum, en verð ég að koma síðar og fara nánar út í þetta.

Ég vildi segja nafn mitt áður en ég fer, Jane Seymour bresk kona.

*Já, já leikkona?*

Nei reyndar ekki, heiti sama, en ég dó um miðja síðustu öld og hef verið hér á fyrsta frumlífshnetti.

*Hvað í 70 ár.*

Já, en er nú farin að reskjast en er búin að fá mikinn þroska í staðinn og farin að njóta mín jafnvel betur en áður. Það er svo mikilvægt að losna við allt sem heldur manni niðri, neikvæðni og annað slíkt.

Já mér hefur verið strítt á þessu með nöfnin, var með annað föðurnafn en kynntist manni og borið það nafn síðan.

En ég vona að ég hafi útskýrt þetta eitthvað en það eru svo ótalmargir fletir á þessu. Ég vildi lýsa þorpinu mínu sem ég bý í núna en það verður bara að bíða betri tíma, áhugamál fyrir utan þetta, garðyrkju og annað.

En það er fyrir mestu að mynda tengsl við jörðina og að hjálpa þeim sem þjást í þessum efnum til að skilja hitt kynið og koma þessu skipi, láta það ekki stranda, koma því á réttan reksþöl, það eru fleiri hér í þessum hópi sem vildu tala við ykkur síðar, eða þá að ég, mér takist það.

Ég þakka kærlega fyrir gott hljóð og verið þið sælir, komum kannski síðar verið þið sælir.

*Vertu sæl og þakka þér fyrir.*

Já. Bless.